



214. fundur Skólanefndar FS

11. febrúar 1997

Mættir: Ingvar Guðmundsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason,
Stefanía Ólafsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Guðjón
Kristjánsson, Þórunn Friðriksdóttir og Tryggvi Þór
Reynisson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Varaformaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innheimta gjalda til nemendafélags.
 2. Starfs- og fjárhagsáætlun til 3ja ára.
 3. Fundur skólanefndar með kennurum föstudaginn
14. febrúar n.k. kl. 10:40.
 4. Önnur mál.

1. Innheimta gjalda til nemendafélags.

Tryggvi Þór, formaður nemendafélagsins, sagði frá innheimtu gjalda til félagsins en 80-90% nemenda greiddu gjöldin. Nefndarmenn lýstu ánægju með þessa stöðu.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun til 3ja ára.

Skólameistari kynnti bréf frá menntamálaráðherra varðandi starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann. Verið er að vinna að gerð áætlunarinnar í skólanum. Ákveðið að skólanefnd taki áætlunina til afgreiðslu á fundi þriðjudaginn 25. febrúar.

**3. Fundur skólanefndar með kennurum föstudaginn
14. febrúar n.k. kl. 10:40.**

Fundur skólanefndar með kennurum skólans verður föstudaginn 14. febrúar. Gert er ráð fyrir almennri kynningu á skólanefnd og skólanefndarmönnum.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá opnum degi sem var laugardaginn 8. febrúar og þótti takast vel. Vonast er til að opinn dagur verði árlegur viðburður.

b) Skólameistari ræddi um loðnuvinnslu og hugsanleg áhrif hennar á starfsemi skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari